

Áður greitt	kr. 160.352
Dæma ber stefnda til að greiða mismun	kr. 10.902

Af upphæð þessari ber stefnda að greiða stefnanda 13% árs-vexti frá 1. sept. 1975 til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum og með hliðsjón af málavöxtum ber að dæma stefnda til að greiða helming af málskostnaði stefnanda, sem telst hæfilega metinn 100.000 krónur alls.

Dómsorð:

Stefndi, Vilbergur Sveinbjörnsson, greiði stefnanda, Helgu Jónsdóttur, kr. 10.902 með 13% ársvöxtum frá 1. september 1975 til greiðsludags og 50.000 krónur í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 26. september 1978.

Nr. 145/1978. Meistarafélag húsasmiða

gegn

Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda.

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 21. júní 1978, sem barst Hæstarétti 8. september s. á. Krefst hann þess, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdómara að kveða upp efnisdóm í málinu. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnar-aðilja.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði dómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að sóknaraðili verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði. Hann krefst enn fremur kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili til að fá varnaraðilja dæmdan til að breyta heiti sínu, sem sóknaraðili telur ólögmaett gagnvart sér. Eins og dómkröfum sóknaraðilja er háttað, þykir umsögn samtaka iðnaðarmanna um mörk milli starfsgreina húsasmiða og húsgagnasmiða ekki munu geta haft þá þýðingu til upplýsingar um málavöxtu, að rétt hafi verið að vísa málinu frá dómi vegna þess, að hennar hafi ekki verið leitað. Samkvæmt framansögðu ber að fella hinn kærða frávisunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður á að falla niður.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 18. nóvember 1976, en greinargerð málsatvika af hendi sóknaraðilja, sbr. 1. mgr. 105. gr. laga nr. 85/1936, kom fram á bæjarþingi 25. s. m. Fulltrúar yfirborgardómarans í Reykjavík, er tóku málið fyrir á reglulegum bæjarþingum, veittu síðan umboðsmanni varnaraðilja frest og framhaldsfresti, alls 11 sinnum, til að rita greinargerð sína, uns hún var loks lögð fram á bæjarþingi 24. maí 1977. Voru þær frestveitingar ríflegri en rétt var samkvæmt ákvæðum 106. gr. nefndra laga.

Það athugast enn fremur, að málið var upphaflega dómtekið á bæjarþingi 3. mars 1978, er varnaraðili sótti ekki þing. Málið var þó tekið fyrir að nýju á bæjarþingi 16. maí s. á. og gögn lögð fram af hendi sóknaraðilja, en málið því næst flutt munnlega og dómttekið að nýju. Eru ástæður til þessarar endurupptöku málsins ekki greindar sérstaklega í þingbók.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði frávisunardómur er úr gildi felldur, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1978.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 16. f. m., hefur Meistarafélag húsasmiða, Skipholti 70 hér í borg, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 4. nóvember 1976, á hendur Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda „til þess að hið stefnda félag verði með dómi bæjarþingsins skyldað til þess að fella niður úr nafni sínu heitið „innréttinga“ svo og að hinu stefnda félagi verði gert skylt að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.“

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarsins.

Málavextir eru þessir.

Samkvæmt gögnum málsins kemur fram, að á fundi stjórnar Landssambands íslenskra iðnaðarmanna 23. desember 1936 hafi verið rætt um iðntakmörk milli húsasmiða og húsgagnasmiða. Er frásögn af meðferð málsins og afgreiðslu svohljóðandi:

„3. Rætt um iðntakmörk milli húsa- og húsgagnasmiða. Höfðu verið haldnir fundir með fulltrúum frá báðum iðngreinum og þar náðst samkomulag um mörg atriði. Um nokkur atriði náðist þó ekki samkomulag, og var stjórn Sambandsins falið að gera tillögur um þau. Niðurstaðan hefur orðið eftirfarandi ákvörðun um

Takmörk milli iðngreina húsa- og húsgagnasmiða:

A: Samkvæmt samkomulagi milli nefnda úr báðum iðngreinum.

B: Samkvæmt úrskurði stjórnar Landssambands iðnaðarmanna á fundi 23. des. 1936 um atriði, er nefndirnar gátu ekki orðið sam-mála um.

1. Húsasmiðum tilheyrir:

A: Trésmíði við mótauppslátt, hurðir, glugga og stiga; upp-setning veggja og skilrúma undir múrhúðun eða strigalagningu, klæðning veggja og skilrúma með masoniti, korki og öðrum plöt-um úr tré eða trékendu efni, smíði á húsgrindum, húsþökum, hús-veggjum og öðru tilheyrandi bol timburhúsa. Eldhúsbúnaður, sem unninn er á staðnum og festur. Undirbúningur undir föst sæti í samkomuhúsum, Parketlagirnir.

B: Festur innbúnaður í eldhús, hvar sem hann er smíðaður, handrið, brjóstpanill, sem ekki er úr harðvið, og laus skilrúm.

2. Húsgagnasmiðum tilheyrir:

A: Trésmíði við húsgögn, máluð, bónuð, gljáfægð (póleruð) og bólstruð, í herbergi sem notuð eru til íbúðar, svo sem borð-

stofur, dagstofur, svefnherbergi, skrifstofur, barnaherbergi, forstofur, einkastofur og fl. Lausir húsmunir úr tré í samkomuhúsum, opinberum skrifstofum, rannsóknarstofum o. s. frv., stólar í samkomuhúsum, þótt fastir séu.

B: Spónlagnir.

3. Báðar iðngreinar mega smíða:

A: Leikfimisáhöld og útbúnað í leikfimishús, fastan og lausan. Verkfæri alls konar. Líkkistur. Lausan innbúnað í verzlunarbúðir.

B: Fastan innbúnað í verzlunarbúðir. Lausan innbúnað í eldhús. Brjóstpanil úr harðvið. Bekki, lausa og fasta. Einnig mega báðar iðngreinar undirbúa undir gljáfágun (eftir aðalsmíði) og gljáfága (pólera) handrið og brjóstpanil.“

Frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur komu seinna tvær athugasemdir við þessa skiptingu. Önnur um fastar búðarinnréttingar og hin um lausan innbúnað í eldhús, er þeir álíta, að beri skilyrðislaust að telja, að tilheyri húsasmiðum. Þessum athugasemdum svaraði sambandsstjórn með eftirfarandi bréfi:

„Reykjavík, 5. apríl 1937

Bréf yðar, d.s. 22. f. m., höfum vér meðtekið og munum leggja með gögnum málsins. Vér teljum ekki rétt að svo komnu að gera breytingar á þeim tillögum, er settar voru fram í bréfi voru frá 27. des. s. á., en munum, ef ágreiningur rís um þau atriði, er nefnd eru í bréfi yðar, hafa hliðsjón af athugasemdum yðar við væntanlegan úrskurð í málinu.

Virðingarfyllst,

F. h. Landssambands Iðnaðarmanna.

Til Trésmiðafélags Reykjavíkur“.

Þá kemur og fram í skýrslu frá landsþingi Landssambands iðnaðarmanna, að fjallað hafi verið um takmörk milli iðngreinanna og málið afgreitt eins og hér segir:

„4. Erindi um takmörk milli iðngreina.

Um mál þetta er getið í skýrslu Landssambandsstjórnar, sem prentuð er hér að framan, en forseti reifaði málið nánar.

Í umræðum um málið bar Einar O. Kristjánsson fram svohljóðandi tillögu:

„Iðnþingið telur sér ekki fært að taka afstöðu til takmarka milli iðngreina á þeim stutta tíma, sem það hefir til umráða, en tjáir sig ásátt með þá afgreiðslu, sem þessi mál hafa fengið hjá Sambandsstjórninni. Jafnframt felur það Sambandsstjórninni að

láta ágreining út af þessum málum eftirleiðis ganga til gerðar-
dóms Landssambands iðnaðarmanna“.

Tillagan samþ. með samhlj. atkv.

Bar þá forseti undir fundinn, hvort fulltrúar óskuðu að ræða skýrslu Sambandsstjórnar, og þegar svo var ekki, óskaði hann atkvæða um skýrsluna, og var hún samþykkt með samhljóða atkvæðum.“

Einnig kemur fram, að á fundi stjórnar Landssambands íslenskra iðnaðarmanna 31. mars 1937 hafi verið lagt fram bréf frá Trésmiðafélagi Reykjavíkur út af samkomulagi og úrskurði um starfsskiptingu milli húsasmiða og húsgagnasmiða. Ekki kemur fram, hvert var efni bréfs þessa.

Fram er komið, að fundargerðabækur Landssambands íslenskra iðnaðarmanna og önnur skjöl hafi brunnið í eldsvoða aðfararnótt 10. mars 1967. Eru atriði þau, sem rakin hafa verið hér að framan, að finna í Tímariti iðnaðarmanna, málgagni Landssambands íslenskra iðnaðarmanna.

Hinn 20. janúar 1975 ritaði Sverrir Hallgrímsson, formaður Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda, húsgagna- og innréttingaframleiðendum boðsbréf, og er efni þess svohljóðandi:

„Á síðasta aðalfundi Húsgagnameistarafélags Reykjavíkur var einróma samþykkt að breyta nafni félagsins í Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Félagið er landsfélag.

Ástæðan fyrir nafnbreytingunni er fyrst og fremst sú að reyna að sameina alla húsgagna- og innréttingaframleiðendur á landinu í eitt félag. Félagið telur brýna nauðsyn bera til þess vegna harðnandi samkeppni erlendis frá, en eins og allir vita, er nú frjáls innflutningur á húsgögnum og innréttingum.

Hjálagt fylgja lög félagsins, sem skýra nánar tilgang og starfsreglur þess.

Stjórn félagsins væntir þess, að þér séuð sammála því, að sem flestir séu í félaginu og að starfsemi þess sé sem öflugust. Stjórnin bendir á, að félagið er opið öllum framleiðendum, er fullnægja skilyrðum 3. gr. laga þess fyrir inntöku. Í 5. gr. er fjallað um inntökubeiðnir. Inntökugjald er kr. 5.000.00, félagsgjald 1974 fyrir a. flokk var kr. 15.000.00.“

Í lögum Félags húsgagna- og innréttingaframleiðenda frá 1975 segir svo í 1.—4. gr.: 1. gr.

„Félagið heitir Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er:

1. Að safna öllum húsgagna- og innréttingafyrirtækjum landsins í einn félagsskap. Að efla samtök og gæta hagsmuna félagsmanna í öllu því, er iðngreinina og fjárhagslegt öryggi varðar.
2. Að samræma afstöðu félagsmanna til þeirra sveina og annars starfsfólks, er þeir hafa í þjónustu sinni.
3. Að vinna að því að tryggja sem best vinnufrið við húsgagna- og innréttingaframleiðslu svo og að koma í veg fyrir vinnustöðvanir með friðsamlegum samningum vinnusala og vinnukaupa.
4. Að vera félagsmönnum til leiðbeiningar um allt, er snertir atvinnurekstur þeirra.
5. Að vera málsvari félagsmanna gagnvart almenningi og hinu opinbera.
6. Að stuðla að vandaðri framleiðslu og framförum í iðngreininni í hvívetna.

3. gr.

Í félaginu geta verið:

a. Þau skrásett fyrirtæki, sem starfa í húsgagna- og innréttingaiðnaði, enda hafi þau meistara í þjónustu sinni.

b. Meistarar, sem reka sjálfstætt húsgagna- og/eða innréttingaverkstæði.

c. Þeir meistarar, sem voru félagsmenn fyrir nafnbreytingu félagsins og ekki fullnægja ofangreindum skilyrðum, halda sínum rétti áfram.

4. gr.

Rétt til fundarsetu hafa forsvarsmenn fyrirtækjanna, hafa þeir allir tillögurétt og málfrelsi, en atkvæðisrétt hefur aðeins einn fyrir hvert fyrirtæki, þó má hann fara með fleiri atkvæði, sbr. 7. gr.“

Hinn 21. nóvember 1975 ritaði lögmaður stefnanda stefnda bréf og krafðist þess, að orðið „innréttinga“ yrði fellt niður úr heiti félagsins, því notkun þess þar væri mjög villandi. Var bent á, að mörk iðnréttinda milli húsasmiða og húsgagnasmiða hefðu verið ákveðin með samkomulagi og úrskurði Landssambands iðnaðarmanna 1936 og starfsgreinaskrá Hagstofu Íslands. Væri fé-

lagið meistarafélag húsgagnsmíða, þótt breytt hefði verið um nafn þess og félagsaðild rýmkuð.

Í svarbréfi stefnda var frá því skýrt, að á fundi í félaginu hefði verið samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, að nafn félagsins skyldi vera óbreytt.

Höfðaði stefnandi svo mál þetta.

Krafa stefnanda er byggð á því, að smíði innréttinga sé sérstök iðngrein, sem falli undir húsasmíði. Samkvæmt iðnlöggjöf hafi húsasmíðir á grundvelli iðnréttinda sinna einir rétt til að smíða innréttingar og setja þær upp á staðnum. Smíði staðlaðra innréttinga í verksmiðjum geti þó verið öðrum heimil, en mörkin milli húsgagnsmíði og smíði innréttinga á verkstæðum geti oft verið vandfundin. Starfsskipting milli húsgagnsmíða og húsasmíða sé byggð á samkomulagi stéttarféлага í þessum iðngreinum og úrskurði Landssambands íslenskra iðnaðarmanna frá árinu 1936. Þessi starfsskipting eigi sér einnig stoð í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands og riti Sameinuðu þjóðanna frá 1971: „Index to the International Standard Industrial Classification of the Economic Activities“. Samkvæmt þessu sé notkun stefnda á heitinu „innréttingar“ í nafni sínu brot á einkarétti stefnanda og villandi og því brot á 9. gr. laga nr. 84/1933 og 14. gr. laga nr. 79/1971. Er því haldið fram, að þrátt fyrir breytingu á nafni stefnda virðist félaginu eftir sem áður ætlað að vera stéttarfélag húsgagnsmíðameistara, en því sé ætlað rýmra starfssvið en talið hafi verið samrýmast starfi stéttarféлага. Því sé ljóst, að hið stefnda félag sé með ólögmætum hætti að hasla sér völl á starfssviði félagsmanna stefnanda.

Af hálfu stefnda kemur fram, að félagið sé stofnað í Reykjavík á árinu 1974 á grundvelli samþykktar, sem gerð hafi verið á aðalfundi Húsgagnameistarafélags Reykjavíkur það ár um að breyta nafni félagsins í Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda. Komi þetta fram í umburðarbréfi frá 20. janúar 1975 um að breyta félaginu í landsfélag og marka tilgang þess að nýju. Nafnbreytingin hafi fyrst og fremst verið helguð því stefnumiði að breyta félaginu í framleiðendafélag á sviði húsgagna- og innréttingaframleiðslu fremur en að starfrækja það einungis sem meistarafélag í tiltekinni grein handiðnaðar. Hafi þessi breyting verið gerð jafnframt nafnbreytingunni og feli hún í sér raunverulega og efnislega breytingu á félaginu í samræmi við atvinnu- og viðskiptahætti á þessu sviði nú á dögum. Í samræmi við þetta

sé félaginu nú ætlað að vera fyrirtækjafélag fremur en félag einstaklinga, sem hafi meistararéttindi í handiðnaði, þótt þeir geti einnig verið félagar. Komi þetta fram í 1. tl. 2. gr. og 3. gr. samþykktu félagsins. Samkvæmt a lið 3. gr. geti orðið félagar bæði iðjufyrirtæki, er starfa á grundvelli 1. kafla laga nr. 79/1971, og iðnaðarfyrirtæki, er starfa á grundvelli 2. kafla laganna. Einnig geti orðið félagar iðnmeistarar, þ. e. handiðnaðarmenn, sem reka sjálfstætt húsgagna- og/eða innréttingaverkstæði á eigin ábyrgð. Hins vegar sé ekki ætlunin, að aðrir iðnmeistarar séu félagsmenn, nema þeir hafi þegar verið félagar í Húsgagnameistarafélagi Reykjavíkur fyrir nafnbreytinguna og áunnið sér rétt þar. Að vísu sé sú krafa gerð um iðjufyrirtæki í þessu sambandi, að þau hafi iðnmeistara í þjónustu sinni, og því sé hugsanlegt, að félagið geti ekki náð til allra framleiðenda, er starfa á grundvelli 1. kafla laganna nr. 79/1971. Þessi takmörkun sé eðlileg með tilliti til þess, að félagið hafi orðið til í hópi iðnmeistara, en brjóti ekki í bága við hinn yfirlýsta tilgang félagsins. Auk þess hljóti hún að teljast skynsamleg bæði frá sjónarmiði framleiðenda og neytenda. Þá sé þess að gæta, að orðið meistari í a og b lið 3. gr. samþykktu félagsins taki ekki einungis til húsgagnasmíðameistara, heldur geti það einnig átt við trésmíðameistara og meistara í öðrum greinum handiðnaðar, er kunni að ná til þess framleiðslusviðs, sem félaginu er helgað. Sé þannig ekki unnt að vísa til þessa hugtaks til stuðnings þeirri staðhæfingu, að félagið sé fagfélag húsgagnasmíðameistara, enda fái það ekki staðist af öðrum ástæðum og sé það ekki gert í stefnu málsins. Verði að hafa það hugfast í sambandi við mál þetta, að í nafni stefnda felist ekki nein staðhæfing um það, að húsgagnaframleiðsla og innréttingaframleiðsla séu ein og hin sama iðngrein, heldur aðeins um það, að framleiðsla á þessu tvennu eigi sér eðlilegan skyldleika, sem geri framleiðendunum eðlilegt að leita samstöðu um ýmis hagsmunamál sín. Verði ekki dregið í efa, að þetta sé réttmætt. Í nafni félagsins felist heldur ekki nein staðhæfing um það, að félagið sé hið eina félag allra húsgagna- og innréttingaframleiðenda hér á landi. Nafnið sé að sjálfsögðu tengt því stefnumiði félagsins að safna öllum húsgagna- og innréttingafyrirtækjum landsins í einn félagsskap. Þetta sé hins vegar aðeins stefnumið og í því og nafni félagsins felist ekki bein staðhæfing um annað en það, að félagið sé landsfélag, þ. e. opið öllum aðiljum, er uppfylli inngönguskilyrði þess, hvar á landinu sem þeir eru

búsettir eða starfandi. Nafnið útiloki því engan veginn, að önnur félög geti verið starfandi með sama tilgangi. Nafn félagsins geti því ekki talist villandi og alls ekki þannig, að í bága fari við rétt félags stefnanda. Af hálfu stefnda er því haldið fram, að það fái ekki staðist, að nafn stefnda brjóti í bága við rétt félagsmanna stefnanda, þ. e. húsasmiðameistara, svo sem haldið sé fram í stefnu, því að hið stefnda félag sé framleiðendafélag, eins og nafninu sé ætlað að gefa til kynna, en ekki smíðafélag í hinni hefðbundnu merkingu. Þetta fái heldur ekki staðist af þeirri ástæðu, að félagsmenn stefnanda hafi alls ekki einir réttindi til innréttingsmiða, jafnvel þótt fylgt sé þeim heimildum, sem stefnandi vísi til að þessu leyti. Sé þar aðallega um að ræða bókun frá fundi Landssambands iðnaðarmanna 23. desember 1936. Í fundargerðinni sé eftirfarandi inngangur með bókun þeirri, sem stefnandi tilfæri í málatilbúnaði sínum: „Rætt um iðntakmörk milli húsa- og húsgagnasmiða. Höfðu verið haldnir fundir með fulltrúum frá báðum iðngreinum og þar náðst samkomulag um mörg atriði. Um nokkur atriði náðist þó ekki samkomulag, og var stjórn sambandsins falið að gera tillögur um þau. Niðurstaðan hefur orðið eftirfarandi ákvörðun um takmörk milli iðngreina húsa- og húsgagnasmiða.“ Sé ljóst, að hér sé fremur um tillögu að ræða frekar en úrskurð. Af bókun þessari sé alveg ljóst, að tillögurnar miðist við, að báðir aðiljar, húsasmiðir og húsgagnasmiðir, megi smíða innréttingar, sbr. liði 3a og 3b. Það sé því ekki um að ræða einkarétt annars aðiljans, nema að því leyti sem leiða mætti af lið 1b, en gildissvið þess liðar sé mjög takmarkað. Af hálfu stefnda er haldið fram, að orðunum „Festur innbúnaður í eldhús, hvar sem hann er smíðaður“ sé aðeins ætlað að gefa til kynna, að húsasmiðir megi einir setja upp innbúnað í eldhús á staðnum. Vinna að uppsetningu innréttinga og frágangi á staðnum sé þannig ekki ágreiningsatriði, en hljóti hins vegar að teljast aukaatriði í málinu, þar sem sú framleiðslustarfsemi, sem stefndi leggi megináherslu á, taki ekki til slíks. Önnur atriði í lið 1b séu lítilvæg í þessu máli. Þá er því einnig haldið fram, að ljóst sé af bókuninni, að húsasmiðum sé ekki ætlað að mega vinna mikilvæga vinnu við innréttingar, sem skipti yfirgnæfandi máli nú á dögum, þ. e. spónlagningar, sbr. lið 2b. Um plastlagnir sé ekki rætt, þar sem þær hafi ekki tíðkast á þessum tíma, en eðli málsins samkvæmt muni þær væntanlega eiga heima með spónlögnum, þ. e. í lið 2b, nema um sé að ræða klæðningu veggja eða skilrúma, sbr.

lið 1a. Þessar umræddar tillögur eða markareglur styðji því ekki málsstað stefnanda eins og þær liggi fyrir. Verði að telja þýðingarlaust að beina málinu að deilu um handiðnaðarréttindi, þar sem niðurstaðan geti aldrei orðið sú, að húsasmiðir eigi einir allan rétt á smíði innréttinga á sviði handiðnaðar. Auk þess mundi slík niðurstaða ekki duga stefnanda. Jafnframt sé á það að líta, að ekki sé unnt eftir öllum atvikum að byggja á þessum tillögum eða reglum eftir hljóðan þeirra um mörk hinna umræddu handiðnaðargreina. Í fyrsta lagi hljóti reglur þessar að teljast úreltar að verulegu leyti með tilliti til þeirra stórfelldu breytinga í atvinnu- og viðskiptaháttum, sem hafi orðið síðan þær voru samdar, bæði vegna efnis, sem innréttingar eru gerðar úr, og aðferðum við framleiðslu þeirra og smíði. Alla vega séu þær úreltar í þeim skilningi, að þær veiti ekki viðhlítandi eða nothæfa úrlausn um eðlileg mörk milli iðngreinanna miðað við þá starfshætti og þær veitendabarfir, sem ríkjandi eru í dag. Í annan stað sé óhjákvæmilegt að draga í efa, að þeim hafi nokkurn tíma verið fylgt til hlítar í reynd. Sé vitað um kunna húsgagnasmiði af eldri kynslóðinni, sem hafi að staðaldri lagt stund á innréttingasmiði af því tagi, sem félag stefnanda virðist vilja eigna sín um mönnum, og sjálfsgagt hafi einhverjir félagsmenn stefnanda t. d. lagt stund á fullsmíði spónlagðra innréttinga. Loks sé það höfuðatriði í þessu sambandi, að ofangreindar tillögur eða markareglur nái eðli sínu samkvæmt einungis til smíði á sviði handiðnaðar, en ekki til framleiðslu á sviði verksmiðjuíðnaðar eða iðju skv. 1. kafla laga nr. 79/1973. Mörkin milli iðju og iðnaðar í merkingu þessara laga hafi oft verið nokkuð umdeild, þótt líklegast sé, að aðiljar máls þessa hafi á þeim svipaðar skoðanir. Ljóst sé, að þróunin um ákvörðun þeirra marka hafi verið í þá átt á síðari árum, að handiðnaður hafi orðið að þoka fyrir verksmiðjuíðnaði fremur en hitt. Að minnsta kosti hafi sú þróun orðið á markaðnum með tilkomu nýrra framleiðsluhátta, aukinni vélvæðingu og verkaskiptingu í iðnaði og á öðrum sviðum atvinnulífsins. Tilvísun stefnanda í atvinnuvegaflokkun á vegum Hagstofu Íslands og Sameinuðu þjóðanna (Index to the International Standard Industrial Classification of All Economic Activities, 1971) styðji ekki málstað stefnanda, heldur málstað stefnda. Í íslensku flokkuninni frá 1969—1973 og hinum alþjóðlegu reglum sé einmitt byggt á því, að smíði og framleiðslu húsgagna og innréttinga (furniture and fixtures) eigi sér eðlilegan

og sjálfsagðan skyldleika, a. m. k. þegar efnið er aðallega tré. Sé þetta flokkað saman sem atvinnugrein og þá eftir sömu sjónarmiðum og staðreyndum og þeim, sem stefndi hafi talið rétt að fara eftir. Hins vegar sé uppsetning innréttinga á notkunarstað talin hafa sérstöðu og sé það eðlilegt eftir atvinnuháttum. Í hinni breyttu flokkun Hagstofu Íslands frá 1974 sé hins vegar byggt á skilgreiningum milli naglfastra og ónaglfastra fylgihluta húsa, en það verði að teljast mjög óraunhæft frá atvinnusjónarmiði, bæði frá sjónarhóli framleiðanda og neytanda auk þess sem hún sé óhjákvæmilega óljós. Skilgreiningin falli heldur ekki saman við áðurumræddar iðngreinamarkareglur, þar sem í þeim sé viðurkennt, að skyldleiki hljóti að vera á milli smíði húsgagna og innréttinga. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er því mótmælt af hálfu stefnda, að hlutinn „innréttinga“ í nafni félagsins brjóti í bága við löglegan rétt stefnanda á neinn þann hátt, er varðað geti banni við notkun nafnsins, svo sem krafist er af hálfu stefnanda. Er því haldið fram, að notkun stefnda á nafni sínu sé hvorki brot á lögum um iðju og iðnað né 9. gr. laga nr. 84/1933 um samkeppnishætti. Er því mótmælt, að það skipti máli í þessu sambandi, þótt fleiri fagmenn í húsgagnasmíði geti verið félagar en þeir, sem eru framleiðendur að húsgögnum og innréttingum.

Skipting starfa milli iðngreina húsasmiða og húsgagnasmiða er frá árinu 1936. Eftir það hafa orðið breytingar á frágangi sumra tegunda innréttinga og aðferðum við smíði þeirra. Verður að líta svo á, að grundvöllur máls þessa sé raunverulega ágreiningur um skiptingu starfa milli iðngreinanna við þær aðstæður, sem nú eru við smíði eða framleiðslu slíkra innréttinga. Ekki er fram komið, að heildarsamtök iðnaðarmanna hafi fjallað um og tekið afstöðu til þessa ágreinings, en eins og áður er rakið, var starfs-skiptingin frá 1936 gerð á vegum heildarsamtakanna. Við þessar aðstæður þykir verða að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi. Með hliðsjón af öllum málavöxtum verður málskostnaður ekki dæmdur í máli þessu.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er sjálfkrafa vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.